

**131** október 1884 hljóti að vera haft fyrir augum hið sama brauðamat, sem nefnt er 15. des. beint í 1. gr.

Þótt ráðaneytið því viðurkenni, að efi geti leikið á um þessa skýring, og að það því væri heppilegt, að dómstólarnir skæru hjer úr, verður það að álíta rjett, að henni sje fylgt tyrst um sinn af hálfu hins opinbera, og skal því fela yður, herra landshöfðingi, að láta greiða af landsjóði, öll þau eptirlaun, sem samkvæmt þessu á af honum að greiða, en á hinn bóginn verður að neita að greiða úr landsjóði þær eptirlaunaupphæðir, sem samkvæmt þessari skýringu á að greiða af hlutaðeigandi prestaköllum.

**132** **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamt-**

26. nóv. **inu um þurfamannastyrk.** — Eptir móttöku brjefs yðar, herra amtmaður, dags. 22. þ. m., um áfrýjun hreppsnefndarinnar í Mýrahreppi í Skaptafellssýslu á úrskurði yðar 26. apríl f. á. um reikning hreppsnefndarinnar í Borgarhafnarhreppi yfir kostnað hans við framfærslu Einars Sigurðssonar frá Lambleiksstöðum eða Haukafelli og hyskis hans, skal yður til vitundar gefið, til leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að jeg verð að öllu leyti að fallast á úrskurð yðar, skal hann standa óraskaður, og skal jeg jafnframt beiðast þess, að þjer hlutizt til um að hreppsnefndin í Mýrahreppi fullnægi tafarlaust úrskurði yðar að viðlögðum sektum.

Úrskurður sýslumanns, dags. 20. ág. 1898, staðfestur af amtinu með breytingum, sbr. áritun amtsins 26. apríl 1899.

Á árinu 1888 var þurfamaður Einar Sigurðsson, nú á Haukafelli á Mýrum, fluttur ásamt fjölskyldu sinni þurfamannaflutningi frá Mýrahreppi til Borgarhafnarhrepps, en þar var hann samkvæmt úrskurði landshöfðingja 19. okt. 1887, þá talinn sveitlægur. Eptir því næst að rannsóknir höfðu farið fram um styrkveitingar til Einars þessa á árinu 1885 af hendi Mýrahrepps og þær reynzt ólöglega veittar, var svo ákveðið með úrskurði landshöfðingja 20. ág. 1895, að Einar Sigurðsson hefði unnið sjer hreppshelgi í Mýrahreppi frá vordögum 1886. Nú hefir hreppsnefndin í Borgarhafnarhreppi krafizt þess, að Mýrahreppur endurgjaldi Borgarhafnarhreppi upphæð þá, er sá hreppur hefir orðið að greiða til framfæris þessum þurfamanni og fjölskyldu hans frá því 1888, að hann var fluttur á Borgarhafnarhrepp og til þess 20. ág. 1895, að hann af landshöfðingja var úrskurðaður sveitlægur í Mýrahreppi og eru kröfur nefndarinnar þessar :

Reikn. 1. yfir ýmislegt, er lagt hefir verið Einari Sigurðssyni	... ..	Kr. 480.65
» 2. Kostnaður við bæjarbygging og heyútlát (+ 10 kr. 17 a. á fskj. 9)	—	286.17
» 3. Flutningur á búslóð hans	... ..	— 69.90
» 4. Borgun fyrir rekstur sveitfestismálsins	... ..	— 90.00
» 5. Borgun fyrir ýmsan kostnað við sama mál	... ..	— 109.00
		Samtals kr: 1035.72

Hreppsnefndin í Mýrahreppi hefir aptur á móti mótmælt þessum kröfum nefndarinnar og haldið því fram, að hún væri eigi skyldug til að endurgjalda framfæri þessa þurfamanns að neinu leyti, þar sem nefndin, þegar hún ljet flytja þurfamann þennan til Borgarhafnarhrepps,

hafði fyrir sjer löglegan fullnaðarúrskurð um sveitfesti hans, en til vara hefir nefndin mót-  
mælt því, að krafa Borgarhafnarhrepps sje á rjettum rökum byggð, þar sem hjer sje eigi um  
lögmætan eða löglega veittan sveitarstyrk að ræða.

Um hin einstöku atriði reikninga þeirra, er hjer eru gjörðir að ágreiningsmáli, skal  
nú þetta tekið fram:

Reikn. 1.

I., III. 2., IV. 1., VI. 2.

Fyrir húsmennskuleyfi á Smirlabjörgum og á Kálfafellsstað (Einbúa) um 4 ár hefir  
hreppsnefndin borgað 170 kr. Þótt gjald þetta að vísu sje afarhátt, þá virðast mjer þó eigi  
liggja fyrir nægar ástæður til að færa það niður.

II., VI. 1. a. og b.

Skuldir við Örum & Wulffs verzlun á Djúpavogi að upphæð kr. 113.54. Þar sem  
eigi liggur fyrir í málinu nein upplýsing um, í hverjum verzlunarvörum þessi upphæð hefir  
verið greidd Einari, hvort heldur í nauðsynjavöru eða munaðarvöru, þá er eigi mögulegt að  
rannsaka, hvort hjer sje að nokkru eða öllu leyti um lögmætan sveitarstyrk að ræða eður alls  
eigi. Þessi upphæð fellur því að svo stöddu burt.

III. 1., VIII. 3.

Þinggjöld fyrir Einar Sigurðsson 1890 og 1895, kr. 7.27 þykir vafasamt, hvort á-  
stæða hefir verið til að greiða úr sveitarsjóði og fellur því einnig sú upphæð burt.

III. 3.

Lán síra Sveins Eirikssonar til Einars Sigurðssonar kr. 57.07 fellur einnig burt, þar  
sem upphæðin er eigi sundurliðuð, svo að sjeð verði í hverju »lán« þetta hefir verið veitt.

IV. 2.

Fellur einnig burt, þar sem gjald þetta, 6 kr., er eigi nægilega rjettlætt.

V., VII. 1. 2., VIII. 1.

Úttekt á Papós, kr: 84,27, er heldur eigi liðuð sundur, svo að sjeð verði, hvað af  
þessari upphæð kann að vera lögmætur sveitarstyrkur. Þessi upphæð verður því einnig að  
falla burt.

VIII. 2.

Kostnaður við rjettarrannsókn kr: 42.50 er greiddur eptir fyrirskipan landshöfðingja  
og úrskurði amtmanns og ber að endurgjalda þá upphæð.

Reikn. 2.

Að því er snertir gjöld þau, er talin eru á þessum reikningi við að byggja hús  
handa þurfamanninum á Smirlabjörgum og á Einbúa, og fyrir tillagt hey, þá verður eigi sjeð,  
að nein lögleg niðurjöfnun liggja hjer til grundvallar, en það hlýtur að skoðast sem skilyrði  
fyrir því, að þetta verði talinn lögmætur sveitarstyrkur. Hjer virðist öllu fremur um frivilj-  
ug samskot að ræða af hálfu hreppsþúa, sem hreppsnefndin hafi að einhverju leyti gengizt  
fyrir og stjórnað. Þótt nú að vísu nefndin alls eigi sje ámælisverð fyrir slíkt, þá liggur það  
þó fyrir utan hennar lögskipaða verkahring, sem slíkrar, en af því leiðir aptur, að þessi  
gjöld geta, þegar af þessari ástæðu, eigi fengizt endurgoldin af framfærsluveit þurfamannsins  
Hjer er því eigi ástæða til að rannsaka frekar rjettmæti þessarar kröfu, en það skal aðeins  
tekið fram, að heyið virðist óhóflega hátt metið.

Reikn. 3.

Það virðist með öllu vafalaust, að kostnaður við flutning Einars frá Einbúa austur á  
Mýrar á að vera sveitarsjóðnum óviðkomandi. En þar sem sá kostnaður er eigi liðuður frá í  
reikningnum, sem einnig nær yfir flutning þurfamannsins frá Smirlabjörgum að Einbúa, en

132 um hann gat, ef til vill, verið nokkur vaði, þá verður framfærsluhreppurinn, í öllu falli að svo stöddu, eigi skyldaður til að endurgjalda neitt af þessum kostnaði.

Reikn. 4.

Gjald það, er hjer er tilfært, virðist nefndina hafa brostið heimild til að greiða úr sveitarsjóðnum; í öllu falli hefði hún þurft til þess samþykki sýslunefndar, en það liggur eigi fyrir. Þessi upphæð felur því burt.

Reikn. 5.

Um þennan reikning gildir að öllu leyti hið sama, sem tekið er fram hjer næst á undan, að fráteknum tölulið 1. Þær þar tilfærðu 10 kr. verða að teljast nauðsynlegur kostnaður við rjettarrannsóknina 1894 og þá upphæð ber að endurgjalda.

Þær upphæðir, sem samkvæmt framangreindu teljast löglega rjettlættar, sem útgjöld sveitarsjóðsins í Borgarhafnarhreppi í tilefni af þurfamanni Einari Sigurðssyni eru því þessar:

1. Húsmenskugjald 1889—1892 ... .. .	kr. 170.00
2. Kostnaður við rjettarrannsókn um sveitfesti Einars 1894 ... .. .	— 52.50
	Alls kr: — 222.50

Þótt nú að vísu hreppsnefndin í Mýrahreppi hafi farið því fram, að hún væri eigi skyld að endurgjalda framfæri þurfamannsins, þar sem hún hefði haft fyrir sjer löglegan sveitfestisúrskurð, þegar hún ljet flytja hann, þá verður þessi mótbára eigi tekin til greina, sjerstaklega þegar til þess er lítið, að það var skýrsla frá nefndinni eða oddvita hennar 1886, sem eptir á reyndist röng, um styrkveiting til Einars, er tilefni gaf til uppkvaðningar úrskurðarins og hins þar á eftir fylgjandi flutnings á þurfamanninum.

Mýrahreppi ber því, samkvæmt því, er tekið er fram hjer á undan, að endurgjalda Borgarhafnarhreppi framanskrafaðar kr: 222.50 a.

#### Áritun amtsins.

Frámanritaður úrskurður sýslumannsins í Skaptafellssýslu. dags. 20. ágúst f. á., samþykkist hjer með að öllu leyti, nema því, að 1. liður, eða reikningur að upphæð 480 kr. 65 a. færist að eins niður í 311 kr. 28 a., þar sem skilríki eru að nokkru leyti framkomin síðar fyrir því, í hverju úttektir þær við Örum & Wulffs verzlun á Djúpavogi, að upphæð 113 kr. 54 a., og við Papósverzlun, að upphæð 84 kr. 27 a., hafi verið fólgnar.

Að því leyti er snertir fyrri upphæðina, þá er síðar fram kominn sundurliðaður reikningur, að upphæð 29 kr. 6 a., en af þeirri upphæð eru tilgreiudar 5 kr. 50 a. fyrir tóbak og verður hjer því að eins spursmál um að taka til greina 23 kr. 56 a., sem teknar hafa verið út í nauðsynjavörum, upp á ábyrgð hreppsnefndarinnar. Að öðru leyti hefir hreppsnefndin í Borgarhafnarhreppi eigi getað komið fram með sundurliðaðan reikning um það, sem Einar Sigurðsson hefir fengið við nefnda verzlun í skjóli hreppsins.

Af því leyti, er snertir úttektina við Papósverzlunina, að upphæð 84 kr. 27 a., liggur nú fyrir sundurliðaður reikningur, en þar sem reikningur þessi ber með sjer, að 9 kr. 5 a. eru látnar úti í allskonar tóbaki, verða að eins teknar til greina hjer 75 kr. 22 a.

Samkvæmt þessu verður reikningur Borgarhafnarhrepps á þessa leið:

1. reikningur. Ýmislegt, er lagt hefir verið Einari Sigurðssyni frá fardögum 1888 til fardaga 1895

a. fyrir húsmensku á Smirlabjörgum og Kálfafellsstað... .. .	kr. 170
b. Úttekt við Örum & Wulffs verzlun 1889 ... .. .	— 23 56
c. Úttekt við Papósverzlun ... .. .	— 75 22

Flyt kr. 268 78

Fluttar kr. 268 78 **132**

- d. Útgjöld við rjettarrannsókn samkv fyrirmælum landshöfðingja í brjefi 11. apríl 1894 sem sje kostnaður sýslumanns — 42 50 kr. 311 28
2. reikningur yfir kostnað Borgarhafnarhrepps við bæjarbyggingu og heyútlát til Einars Sigurðssonar 1888 og 1889 fellur niður.
3. reikningur yfir kostnað við flutning á búslóð Einars Sigurðssonar frá Smyrlabjörgum að Einbúa við Kálfafellsstað og frá Einbúa austur á Mýrar, fellur niður.
4. reikningur. Borgun fyrir rekstur sveitfestismáls Einars Sigurðssonar fellur niður.
5. reikningur. Ýmisleg útgjöld snertandi sama mál. Af hinni hjer tilfærðu upphæð samþykkist að eins ... .. kr. 10 00
- Um reikningana 4. og 5, skal þar að auki tekið fram, að Mýrahreppur hefði jafnvel eigi orðið skyldaður til þess að endurborga Borgarhafnarhreppi kostnaðinn við rekstur málsins, þótt sýslunefndin hefði samþykkt slíka greiðslu úr hreppsjóði
- Aðalreikningur færist þannig niður í ... .. kr. 321 28
- sem Mýrahreppur á að endurborga Borgarhafnarhreppi.

### Brjef landshöfðingja til póstmeistarans í Reykjavík um póstávís- 133

**anir.** — Eins og þjer, herra póstmeistari, takið fram í brjefi yðar, dagsettu 27. 31. desbr. þ. m., var svo kveðið á um í brjefi mínu, dagsettu 18. septbr. 1886 (Stjtið. 1886 B, bls. 130), að póstafrageiðslumennirnir á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði skuli taka á móti póstávísunum til Danmerkur og annara ríkja, og peningum þeim, er þær hljóða um, en jafnframt er það tekið fram, að þeir, sem peningana senda, verði að borga, auk lögboðins póstávísanagjalds, burðargjald og ábyrgðargjald undir hina sendu peninga frá hlutadeigandi póstafrageiðslustað til Reykjavíkur.

Með því að nefndir póstafrageiðslustaðir iðulega þurfi að fá peninga frá póststofunni til póstþarfa, og gætu því í þess stað notað póstávísanapeninga, sem innborgast til þeirra, þá hafið þjer lagt það til, að ákvæðum nefnds brjefs míns verði breytt í þá átt, að þeir, sem póstávísanirnar senda, verði leystir undan því að borga burðargjald og ábyrgðargjald undir póstávísanapeningana til Reykjavíkur.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg fellst á framangreinda tillögu yðar.

## Viðauki

### við lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

134

Samkvæmt lögum nr. 1, 3. janúar 1890 um lögreglusamþykktir fyrir kaup-31. desbr. staðina og samkvæmt frumvarpi sömdu af bæjarstjórn Reykjavíkur, er hlutadeigandi amtmaður hefir sent mjer, er hjer með staðfestur og gefinn út eftirfylgjandi